

## Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs 20. ágúst 2019.

Fundurinn var 3. fundur starfsársins og fundur nr. 2906 frá upphafi. Á fundinn mættu 19 félagar sem gerir 69% mætingu. Gestur og fyrirlesari var Ólafur Helgi Kjartansson. Fundurinn var í umsjón Rótarýfræðslunefndar og haldinn í Café Catalínu klukkan 17:30.

Forseti Rótarýklúbbs Kópavogs Jón Sigurðsson setti fundinn. Hann sagði nokkur inngangsorð, fór með ljóðið „Ljós yfir Reynilundi“ sem Guðrún Hannesdóttir samdi og rakti jafnframt dagskrá fundarins. Guðbergur Rúnarsson ritari las fundagerð frá síðasta fundi sem var samþykkt án athugasemda.

Bergþór Halldórsson flutti 3ja mínútna erindi um Orkupakka 3. Hann greindi frá ágreiningi meðal sérfræðinga um orkupakkann. Rafstrengur hefur verið til skoðunar í langan tíma, hugsanlega er hann hagkvæmur en lengri og á dýpra vatni en núverandi reynsla er fyrir. Hugsanlega fæst betra raforkuverð um streng en hjá stórnotendum núna, sem nota rúmlega 80% af þeirri raforku sem er framleidd á Íslandi. Þrjár megin auðlindir Íslands eru fiskimiðin, raforkan og óspillt náttúra.

Sveinn Hjörtur Hjartarson kynnti framsögumann dagsins, Ólaf Helga Kjartansson sem vel þekktur rótarýmaður í tæp 41 ár. Of langt mál er að fara yfir kynningu Sveins sem var ítarleg en lesa má hana í viðauka við þessa fundargerð.

Ólafur flutti erindið „Rótarý, samfélagið. Hvers vegna að treysta Rótarý?“

Erindið fjallaði um traust í síbreytilegu samfélagi. Traustið byggist á virðingu við hvort annað og engin vandi að tapa því enda vandmeð farið. Hann sagði að það væri allt í lagi að klúbburinn sýndi góðan hagnað á ársreikningi enda mörg góð málefni sem hægt væri að styrkja, t.d. hjá Rótarýsjóðnum en einnig á nærvettvangi til góðra mála. Fyrir 100 dollara framlag til Rótarýsjóðsins getum við keypt 25 skammta af bóluasetningalyfi gegn lömunarveiki og gert mörgum lífið bærilegra. Rótarý er í alþjóðlegu samstarfi og styrkur í því að styrkja góð málefni í heimahéraði. „Rótarý is going to lunch“ er stundum haft um rótarý klúbbanna. Yngra fólkið leggur ekki mikið upp úr því – vilji þess stendur fremur til verkefna. Ólafur fór yfir hvers vegna hann valdi Rótarý frekar en Kivanis eða Lions klúbb. Lykilþáttur í því er að Rótarýfélagar ganga ekki í hús til að selja klósettpappír og ljósaperur - ég féll fyrir því sagði Ólafur.

Mörg mál leysast á vettvangi Rótarýklúbba samstarfsins. Dæmi um þetta var bréf klúbbsins á Ísafirði sem var sent til Rótarýklúbba í Hull og Grimsby árið 1978 vegna landhelgisdeilunnar við Breta. Bretarir svöruðu á kurteisan hátt og voru hjálpsamlegir við að kynna málstað Íslendinga á hlutlægan hátt.

Ólafur Helgi sagðist fremur velja stigann en lyftuna ef hæðirnar eru 6 eða færri. Það er spegillinn í lyftunni sem sýnir gráan mann sem ég þekki ekki sagði Ólafur, frekar tek ég stigann. Samfélagið hefur breyst verulega á s.l. 40 árum. Höfum við breyst með? 1989 tók Ólafur Helgi eftir ungum stúlkum á rótarýfundi í New York. Hann settist sem gestur við borðið þar sem þær sátu og spurði hver hefði boðið þeim á fundinn. Ef það væri mögulegt að drepa með augnaráðinu einu saman hefði það verið þá. Ólafur Helgi leggur áherslu á að fá til liðs við Rótarýhreyfinguna ungt fólk. Ég var yngstur í klúbbnum þegar ég gekk til liðs við Rótarý sagði hann. Rótarý þarf að ná til yngra fólksins. Fælingarmáttur er m.a. vegna kostnaðar við mat sem félagar borða í hádeginu. Verum sjáanleg og tökum þátt í breytingunum – þróumst með þjóðfélaginu. Látum vita af okkur t.d. með því að styðja góð mál í Afríku og koma í veg fyrir að ungar stúlkur og konur þurfi að fara langan veg til að sækja vatn í brunna og hafa þess í stað tíma til að menntast. Allmörg dæmi eru um að það hafi tekist og konur í álfunni stofnað smáfyrirtæki sem stuðla að betri afkomu og fjölbreytni í atvinnulífi í héraði.

Traust er á Rótarýhreyfingunni. Lömunarveikin „Polo Plus verkefnið hófst 1987. 100 dollara framlag á hvern féлага skiptir miklu máli. Rótarý er vörumerki. Rótarýsjóðurinn var verðlaunaður 2018 sem framúrskarandi sjóður sem er vel rekinn. Baráttan við lömunarveikina stendur enn í stríðshrjáðum hlutum Afganistans, Pakistan og í Afríku.

Hafsteinn Skúlason tók til máls spurði hvort Rótarýhreyfingin hefði haft forgang um bólusetningu á lömunarveiki. Fyrst var bólusettt á Filippseyjum án aðkomu Rótarý en Rótarýhreyfingin varð fljótlega leiðandi afl í því verkefni.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 3. september í umsjá Landgræðslunefndar. Farið verður á einkabílum í skógræktarreit klúbbsins í Lækjarbotnum í skátaskálann. Mæting er kl 18:00. Tilgangur ferðarinnar er að bera lífrænan áburð á svæði undir stjórn Ólafs Wernerssonar.

Farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi kl. 19:00.

### **Kynnig Sveins Hjartar á Ólafi Helga Kjartanssyni.**

Er fæddur 2. sept. 1953 í Reykjavík, Vesturbæingur, síðar Árnesingur 1960, að Ljósafossi og Steingrímsstöð og bjó síðar á Selfossi, Ísafirði og loks Keflavík.

Skólaganga á Ljósafossi, Laugarvatni og í Reykjavík, stúdent frá MR 1972, lögfræðingur Háskóla Íslands 1978 og meistaraþróf í Opinberri stjórnsýslu, MBA, frá sama skóla 2008, auk Diplóma í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999.

Fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu 1978, skattstjóri Vestfjarðaumdæmis 1984, sýslumaður á Ísafirði 1991, á Selfossi 2002 og Lögreglustjóri á Suðurnesjum frá 2014

Starfaði á námsárum 10 mánuði hjá sýslumanni og bæjarfógeta á Ísafirði, árin 1976 og 1977.

Ólafur Helgi sat í bæjarstjórn og bæjarráði á Selfossi 1982 til 1984, á Ísafirði 1986 til 1991, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, og formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Kenndi í Gagnfræðaskólanum á Selfossi, framhaldsdeild, Námsflokkum Selfoss, Fjölbrautaskóla Suðurlands 1978 til 1984 og Menntaskólanum á Ísafirði 1985 til 1987.

Í stjórn Fjölbrautaskólans og formaður í skólanefnd Menntaskólans 5 ár.

Ýmis námskeið meðal annars við Háskólann í Essex í Englandi sumarið 2000, stjórnunarnám fyrir æðstu stjórnendur lögreglu frá Cepol, evrópska lögregluskólanum 2010, auk margra frá EHÍ.

Í stjórn sýslumannafélags og var formaður Lögreglustjórafélags Íslands. Áhugamál eru mörg, félagi í Rótarýhreyfingunni frá 1978, umdæmisstjóri hennar á Íslandi 1994 til 1995 og er þekktur sem mikill áhugamaður um hljómsveitina The Rolling Stones.

Hefur gefið út eitt smásagnasafn, 2009, Ný von að morgni. Eiginkona Ólafs Helga er Þórdís Jónsdóttir og börn þeirra eru fjögur, þrjár stúlkur og einn drengur. Barnabörnin eru þrjú.